

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/2007

frá 26. október 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2007 frá 28. september 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 62/2006 frá 23. desember 2005 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar fjarvirknibúnað fyrir vöruflutningaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/679/EB frá 28. mars 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EB frá 7. nóvember 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins og um breytingu á viðauka A við ákvörðun 2006/679/EB um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/153/EB frá 6. mars 2007 um breytingu á viðauka A við ákvörðun 2006/679/EB um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins og viðauka A við ákvörðun 2006/860/EB um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 37g (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/66/EB):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 47, og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 38.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 13, 18.1.2006, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 284, 16.10.2006, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 342, 7.12.2006, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 67, 7.3.2007, bls. 13.

„37h. **32006 R 0062**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 62/2006 frá 23. desember 2005 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar fjarvirknibúnað fyrir vöruflutningaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins (Stjtið. ESB L 13, 18.1.2006, bls. 1).

37i. **32006 D 0679**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/679/EB frá 28. mars 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins (Stjtið. ESB L 284, 16.10.2006, bls. 1), eins og henni var breytt með:

– **32006 D 0860**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EB frá 7. nóvember 2006 (Stjtið. ESB L 342, 7.12.2006, bls. 1),

– **32007 D 0153**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/153/EB frá 6. mars 2007 (Stjtið. ESB L 67, 7.3.2007, bls. 13).

37j. **32006 D 0860**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EB frá 7. nóvember 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins og um breytingu á viðauka A við ákvörðun 2006/679/EB um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjaundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins (Stjtið. ESB L 342, 7.12.2006, bls. 1), eins og henni var breytt með:

– **32007 D 0153**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/153/EB frá 6. mars 2007 (Stjtið. ESB L 67, 7.3.2007, bls. 13).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 37e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/446/EB):

„, eins og henni var breytt með:

– **32006 R 0062**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 62/2006 frá 23. desember 2005 (Stjtið. ESB L 13, 18.1.2006, bls. 1).“

3. Eftirfarandi bætist við í lið 37f (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/447/EB):

„, eins og henni var breytt með:

– **32006 D 0679**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/679/EB frá 28. mars 2006 (Stjtið. ESB L 284, 16.10.2006, bls. 1).“

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 37ab (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/731/EB):

„– **32006 D 0860**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/860/EB frá 7. nóvember 2006 (Stjtið. ESB L 342, 7.12.2006, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 62/2006 og ákvarðana 2006/679/EB, 2006/860/EB og 2007/153/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. október 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.